

Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur nr. 19, haldinn þriðjudaginn 08.01.2014 kl. 18:30 á Kjóavöllum.

Mætt til fundarins voru: Sveinbjörn Sveinbjörnsson, Þorvaldur Sigurðsson, Guðmundur Hagalínsson, Ingibjörg G. Geirsdóttir, Hannes Hjartarson og Hermann Vilmundarson sem ritaði fundargerð. Undir lið nr. 1 voru boðaðir eftirtaldir til fundarinnis: Ragna Guðmundsdóttir, Géta Boða, Linda B Gunnlaugsdóttir, Matthildur Kristjánsdóttir, Gréta Guðmundsdóttir og Sveinbjörn Sveinbjörnsson yngri

1. Víxla reiðhallar. SS bauð alla velkomna og þá sérstaklega gesti fundarinnis. Hefja þarf undirbúning víxlu reiðhallar að fullum krafti. Verkaskipting vegna viðburða í víxluathöfn var rædd og var niðurstaðan eftirfarandi: Veitingar á ábyrgð kvennadeildar, hestaatriði á ábyrgð dymbilvikunefndar, söngatriði á ábyrgð HV og LG, Veislustjóri BV kannar málið, Prentun á merki GG, tæknimál í farvegi ÞS, utanumhald og yfirstjórn SS. GG greindi frá því að merki væri í farvegi. SS og ÞS falið að gera tillögu að boðsgestum, ákv að bjóða öllum félögum í Spretti formlega með boðskorti, GG falið að gera tillögu að boðskorti þarf að vera klárt fyrir helgi þannig að hægt sé að setja í póst nk. mánudag.
2. Ráðning framkvæmdastjóra: Undir þessum lið vék GH af fundinum. BV og ÞS greindu frá því að þau hefðu hitt þá þrjá umsækjendur sem Capacent Gallup taldi vænlegasta til starfa sem framkvæmdastjóra Spretts. Þau greindu fundinum frá því að tveir af þremur hefðu helst komið til greina en þó einn áberandi frambærilegastur. HH óskaði eftir niðurstöðum frá Capacent um hæfustu umsækjendur í þessu lokaviðtali áður en afstaða væri tekin um ráðningu framkvæmdastjóra. SS lagði fram tillögu þess efnis að ÞS og BV héldu áfram viðræðum við Capacent og gengu frá ráðningu framkvæmdastjóra með fyrirvara um samþykki stjórnar. HH lét bóka að hann væri á móti því að ráða framkvæmdastjóra með þessum hætti. Fleira ekki gert fundi slitið kl: 20:00